

arsveitar til kynningar sem gerði ekki athugasemdir við hana. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 20. september 2000.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis 1993-2013, iðnaðarsvæði við Varmá, Hveragerði.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 4. júlí 2000 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis 1993-2013 frá 19. maí 1994.

Breytt er landnotkun svæðis sem liggur sunnan Suðurlandsveggar skammt frá vesturbakka Varmár, opið svæði og íbúðarbyggð í iðnaðarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hveragerðis. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 20. september 2000.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 1995-2015 á Hleinum að Langeyrarmölum.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 20. september 2000 staðfest breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar frá 17. nóvember 1997, með fyrirvara um deiliskipulag næst Vífilstaðavegi.

Breytingin felst í því að óbyggt svæði breytist í íbúðasvæði norðan við svæði IB 17.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki í bæjarráði Garðabæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 20. september 2000.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.